

16

13. júní

## L Ö G

um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg.

G j ö r u m k u n n u g t : Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, og lögum nr. 132 31. des. 1935, um breyting á þeim lögum, svo og lög nr. 11 2. júní 1933 og lög nr. 132 31. des. 1935, skulu gilda til ársloka 1938.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

17

13. júní

## L Ö G

um heimild handa atvinnumálaráðherra til þess að veita sjóliðsforingja Pétri Sigurðssyni stýrimannsskírteini á íslenskum skipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg.

G j ö r u m k u n n u g t : Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að veita Pétri Sigurðssyni sjóliðsforingjaefni undanþágu frá því að ganga undir farmanna- og varðskipapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík samkv. lögum nr. 100 23. júní 1936 og láta honum í té stýrimannsskírteini í utan- og innanlandssiglingum á íslenskum verzlunar- og varð-